

Hvað er á seyði um helgina


Hvað er á seyði um helgina

í þeirri umræðu, sem fara mun fram á árinu um vinnuverndarmál.
Opnir fundir Samtakanna '78 eru ætlaðir öllum lesbium og hommum, bæði félagsmönnum og öðrum, og eins og ævinlega á opnum fundum félagsins er ætlaður tími og aðstaða til móttöku nýrra félaga á fundinum.

Kvenfélag Óháða safnaðarins.

Aðalfundur félagsins verður næstkomandi sunnudag klukkan 15. Venjuleg aðalfundarstörf. Skýrt verður frá heimboði til kvenfélags Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 18. marz.

Tónlist




Kór Menntaskólans v/Sund

Kór Menntaskólans við Sund heldur tónleika næstkomandi sunnudag kl. 8.20 í Bústaðakirkju, 14. marz. Á dagskránni verða lög eftir erlenda og innlenda höfundum. Í vetur hefur kórinn sungið við nokkur tækifæri innan skóla og utan, núna síðast við setningu hinnar árlegru Þorravöku í M.S. Stjórnandi kórsins er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Félagsstofnun Stúdenta

Guðmundur Ingólfsson pianóleikari, Pálmi Gunnarsson bassaleikari og Sigurður Jónsson trommuleikari leika djass í Stúdentakjallaranum sunnudaginn 14. marz frá kl. 21.00.—23.30.




Áskell Músson flytur tónverk að Kjarvalsstöðum

Næstkomandi sunnudag, 14. marz, klukkan 16, mun Áskell Músson flytja frumsamið tónverk, sem hann nefnir Hljóðfar, að Kjarvalsstöðum, á sýningu Karls Júlíussonar myndlistarmanns. Verkið er sérstaklega samið til flutnings á sýningunni og mun aðeins vera flutt þetta eina sinn.



Píanótónleikar víða um land

Á næstunni mun Jónas Ingimundarson halda nokkra píanótónleika allvíða á landinu. Á efnisskránni eru verk eftir tvo höfundum, Fredrich Chopin



Fram er í mikilli fallhættu og er hvert stig þeim dýrmætt. Þessi mynd er frá leik Fram og FH í fyrirkvöld.

Íslandsmótið í handknattleik:

Leiktíma víða breytt vegna útsendingar enska deildabikarsins

Nokkrar breytingar verða á leiktíma leikjanna í 1. deild karla í handknattleiknum á laugardag vegna útsendingar sjónvarpsins á úrslitaleik deildabikarsins enska milli Liverpool og Tottenham.

Leikur Fram og Þróttar hefst klukkutíma fyrir en ætlað var eða kl. 13.00, þýðingarmikill leikur fyrir Fram, sem er í fallhættu. Kvenna-

leikur sömu félaga í 1. deild, sem vera átti á eftir karla leiknum, er færður fram. Verður á föstudagskvöld í Höllinni. HK og KR leika í 1. deild karla að Varmá á laugardag og sá leikur hefst einnig klukkan 13.00. Þriðji leikurinn á dagskrá á laugardag er norður á Akureyri milli KA og FH. Hann á að vera á dagskrá kl. 15.30 en heim leiktíma verður örugglega breytt. Ekki höfðum við þó

fengið fréttir af því í morgun.

Síðasti leikur 13. umferðarinnar í 1. deild karla verður á sunnudagskvöld. Þá leika Víkingur og Valur, heimaleikur Vikings, í Laugardalshöll og hefst leikurinn kl. 20.00 á sunnudagskvöld.

Þá verða margir leikir í 2. og 3. deild karla um helgina og leiktíma víða á laugardag breytt.



Guðfinna Helgadóttir og Marti Michell halda á antik vatteppi, sem samsett er úr taubútm úr vindlakössum. Til hlíðar á myndinni stendur Helgi Þór Axelsson, eigandi Virku sf.

DV-mynd Eiríkur Jónsson.

Bútasaums-sýning á Kjarvalsstöðum

Verzlunin Virka sf. stendur fyrir sýningu á vattstungnum-antikteppum, sem komin eru frá Bandaríkjunum og eru í eigu Marti Michell. Sýningin verður opnuð í dag, 12. marz, klukkan 18.00 og stendur hún í 10 daga. Teppin eru um 40 talsins, þau elztu frá 1845, einnig verða sýndar fleiri gerðir á „slides“-myndum. Þá verður kennt að útbúa myndaramma á sama hátt og teppin eru unnin og verður allt efni sem til þarf fánlegt á staðnum. Marti Michell mun annast kennsluna, einnig Guðfinna Helgadóttir, sem haldið hefur námskeið hér og er jafnframt eigandi Virku sf. ásamt eiginmanni sínum, Helga Þór Axelssyni. Við opnun sýningarinnar mun Marti Michell, eigandi safnsins, segja frá bútasámi í Bandaríkjunum fyrir og nú. Hefur hún ferðast á allar

helztu bútasaumsýningar þar, en hún ásamt manni sínum bútasaumsfyrirtækið Yours Truly og eru þar starfandi 150 manns.

Nemendur sem hafa sótt námskeið á vegum Virku sf. munu einnig sýna verk sín á þessari sýningu. Eru þar nýmóðins teppi, þar sem meira er lagt upp úr fallettri litsamsetningu. En eldri teppin voru persónulegar gjafir hér áður, á þeim er upptöppað letur, ártöl og annað. Marti Michell segir að saga þeirra skipti meira máli en útlitið. Hún mun skýra frá starfsemi bútasaumsklúbba í Bandaríkjunum mánudaginn 15. marz. Listi fyrir áhugafólk liggur frammi í verzluninni Virku og á Kjarvalsstöðum. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14—22. Henni lýkur 21. marz.

-RR.

og Modest Mussorgsky, og mun Jónas kynna höfundana og verkin á tónleikum.

Að þessu sinni verða tónleikar á Hvammstanga nk. föstudagskvöld kl. 21.00 en þar er nýr Baldwin flygill í samkomuhúsinu.

Á laugardaginn verða tónleikar fyrir tónlistarfélagið á Blönduósi í Félagsheimilinu á staðnum kl. 17.00 Sunnudagskvöld í Félagsheimilinu í Varmahlíð í Skagafirði kl. 21.00 og á Hofsósi mánudagskvöldið kl. 21.00. Á miðvikudagskvöldið verða síðan tónleikar í Njarðvíkurkirkju.

Jónas Ingimundarson lék þessa sömu efnisskrá fyrir skömmu í Þorlákshöfn og í Logalandi í Borgarfirði. Hann hefur á undanförunum árum farið allvíða um landið til tónleikahalds og nú síðan um áramót leikið á 10 tónleikum ýmist einn eða með öðrum m.a. Simon Waughan og Sigríði Ellu Magnúsdóttur.

Tilkynningar

Styrktarfélag vangefinna

Opíó hús í Þrótheimum laugardaginn 13. marz kl. 15—18.

Flóamarkaður

verður haldinn á vegum Þróttarkvænna í félagsheimili Knattspyrnufélagsins Þróttar v/Holtaveg laugardaginn 6. marz kl. 14. Gamlar og nýjar góðar vörur á boðstólum. Þróttarkonur.

Helgi- og bænarstundir í Hafnarfirði

Föstudaginn 12. marz verður samkirkjuleg helgi- og bænarstund í kapelli sakti Jósepsystira í Hafnarfirði og hefst hún klukkan 20.30. Verður svo öll föstudagskvöld á yfirstandandi föstu.



„Námsstefna í handmennt smíði“

Dagana 12. og 13. marz nk. efnir Félag íslenskra smíðakennara til „Námsstefnu“ um stöðu og framtíð handmenntakennslu innan grunnskólans. Námsstefnan er haldin í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Í tengslum við námsstefnuna mun Námsgagnastofnun í samvinnu við félagið efna til sýningar á námsgögnum, þ.e.a.s. vélum, áhöldum og verkfærum sérstaklega ætluðum til smíðakennslu í grunnskólum. Flestum stærstu söluáðilum hér á landi á tækjum og áhöldum til smíðakennslu hefur verið boðið að sýna þar vörur sem hafa okkar starfi. Ennfremur verða bókaverlanir með bókakynningu tengda handmennt (smíði) á sýningunni. Þá mun félagið sýna á sérstöku svæði þann búnað sem nauðsynlegur er í kennslustofum í trésmíði og málmsmíði, auk þess að hafa sýnishorn af þeim margvíslegu efnum sem notuð eru í handmenntakennslu í dag. Sýndar verða myndir af búnaði í smíðastofum og nemendavinnu.

Til fróðleiks má geta þess að þetta er í fyrsta skipti sem Námsgagnastofnun gengst fyrir sérstakri sýningu á námsgögnum í kennslumiðstöð stofnunarinnar.

Dagskrá námsstefunnar: Námsstefnan sett: Rósa Þorbjarnardóttir. Framsöguerindi.

1. Námsmat í smíðakennslu. Þórir Sigurðsson.
2. Handlistir og kennsluáferðir á ýmsum tímabilum og framtíð handmennta innan grunnskólans.
3. Kennsluáferðir og kennslufyrirkomulag í smíðakennslu. Pétur TH. Pétursson.
4. Uppeldisgildi handmenntakennslu fyrir nemendur innan grunnskólans. Bjarni Danielsson.
5. Menntu handmenntakennara (smíði).
6. „Breyttir“ kennsluhættir í grunnskólum. Sigurjón Mýrdal.
7. Reynsla af samþættingu, (myndir o.fl.). Ólafur Sigurgeirsson.
8. Framhaldsdeild fyrir handmenntakennara við Kennaraháskóla Ísl. Friður Ólafsdóttir.
9. Kjara- og réttindamál. Sigurður Úlfarsson.

Smíðakennarar og aðrir sem áhuga hafa eru hvattir til þátttöku í námsstefnunni og leggja þar með sitt af mörkum til að lyfta handmenntagreininni innan skólakerfisins, þannig að þáttur hins verklega náms megi verða sem mestur. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna þátttöku fyrirfram. Námsstefnan hefst stundvíslega kl. 13.30 föstudaginn 12. marz nk. og verður haldin í Félagsmiðstöðinni Tónabæ við Skafthlíð.

Bingó á vegum Barðstrendingafélagsins


Barðstrendingafélagið í Reykjavík heldur sitt árlega bingó í Domus Medica í kvöld klukkan hálfniú. Vinningar eru hinir glæsilegustu að vanda. Þar má nefna margar ferðir innanlands, bæði með flugvélum og bílum, gistingu á sumarhótelum, mynd eftir Kristján Davíðsson og síðast en ekki síst æðardúr-sæng og koddur. Að bingóinu loknu verður dansað fram á nótt.

Aðgöngumiðar að skemmtuninni gilda sem happdrættismiðar og þar eru einnig mjög góðir vinningar.

Agóðinn af skemmtuninni fer til að standa straum af samskiptum félagsmanna og heimamanna í Barðstrandarsýslum.

Stjórnandi bingósins verður sá frægi Magnús „Þorlákur þreyttí, Prins póll, Karlinn í kassanum“ Ólafsson.

Tapað - fundið



Gullarmband tapaðist

Þetta gullarmband tapaðist annaðhvort í Þórskafti, Broadway, eða þar í grend skömmu eftir áramót. Góð fundarlaun í boði, vinsamlegast látið vita í síma 23206.

Íþróttir

Blak um helgina

Föstudagur
Gleráskóli, Akureyri
kl.20: KA-IS, 1. d. kv.


Laugardagur

Gleráskóli, Akureyri
kl. 17: UMSE-IS, 1. d. karla.

Sunnudagur.

Selfoss
kl. 16.20: Samhygd-IBV, bikark.

Blóm



Blómanámskeið

er haldið bæði fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir í Blómabúðinni Fjölu, Goðatúni 2, Garðabæ. Blómín eru bún til úr silfurvir og nælon- eða krepefni. Þau er síðan hægt að nota í skreytingar, á pakka, kjóla eða annað. Innritun og uppl. í síma 44160.